



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

Tillaga að nýju fyrirkomulagi í úrvalsdeild og 1. deild kvenna

Lögð fram á körfuknattleiksþingi Körfuknattleikssambands Íslands 22. apríl 2017

Inngangur

Með þessari tillögu vilja flutningsmenn hennar freista þess að byggja upp og efla enn frekar körfuknattleik kvenna á Íslandi, minnka brottfall kvenna úr íþróttinni og fjölga liðum. Til þess eru lagðar til ákveðnar breytingar á fyrirkomulagi deildarkeppninnar í úrvalsdeild og 1. deild kvenna.

1. Opín úrvalsdeild

Lagt er til að fjölgað verði í úrvalsdeild kvenna þannig að tólf lið verði í deildinni hverju sinni. Deildin verði opin, þannig að þau lið sem vilja spila í henni megi það en þó sé skilyrði fyrir innkomu nýrra liða að þau hafi leikið a.m.k. eitt tímabil í 1. deild. Fari svo að fleiri en tólf lið skrái sig til leiks skal árangur nýrra liða úr 1. deild tímabilið áður ráða, þannig að þau lið sem voru með besta árangurinn njóti forgangs. Unglingaflokkslið geta þó ekki skráð sig í úrvalsdeild.

Einnig er lagt til að ekkert lið falli úr úrvalsdeild. Efstu átta liðin hvert ár fara í úrslitakeppni, sem yrði með sama sniði og úrslitakeppni í úrvalsdeild karla. Sömu reglur gilda um erlenda leikmenn og gilda í úrvalsdeild karla.

Með þessu móti telja flutningsmenn að tvenns konar mikilvægur ávinningur yrði. Annars vegar að undirbúningur fyrir tímabil snúist ekki lengur um það helst að safna liði til þess að koma í veg fyrir fall heldur er hægt að hlúa betur að efnivið sem er til staðar í félögunum. Hins vegar að minnka pressuna á falli um deild og gera þannig að liðum í neðri hluta deildarinnar, sem eiga ekki lengur möguleika á því að komast í úrslitakeppnina, kost á að gefa fleiri og yngri leikmönnum tækifæri þar sem úrslit skipta ekki máli upp á að halda sæti í deildinni.

2. Fyrsta deild – uppbyggingarvettvangur

Einnig er lagt til að 1. deild kvenna verði breytt í U-deild þar sem þau lið sem eru í uppbyggingarstarfi geta tekið þátt ásamt því að unglíngaflokkslið taka þátt. Í unglíngaflokksliðum mættu aðeins spila þeir úrvalsdeildarleikmenn, sem hafa spilað minna en sex mínútuhestu leikmenn viðkomandi liðs, ásamt eldri leikmönnum sem uppfylla sömu skilyrði. Fyrsta deild yrði einnig vettvangur fyrir kvennalið sem hafa ekki áhuga á eða tök á að spila í efstu deild. Ekki yrði heimilt að vera með erlenda leikmenn.

Með því að setja þessi skilyrði telja flutningsmenn að deildin yrði jafnari. Ekki er keppt um að fara upp í úrvalsdeild heldur um deildarmeistaratitil. Þau lið sem telja sig hafa lokið uppbyggingarferlinu geta hins vegar skráð sig í úrvalsdeild þegar þau vilja.

3. Tímasetningbreytinga

Lagt er til að breytingin taki strax gildi og að leikið verði eftir þessu fyrirkomulagi veturinn 2017-2018. Ennfremur er lagt til að þessu fyrirkomulagi yrði viðhaldið í fimm ár og að þeim tíma loknum verði farið yfir reynsluna og ákveðið hvort gera þurfi frekari breytingar.

Tillagan er lögð fram af hálfu körfuknattleiksdeildar KR

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

Þingsályktunartillögu, sbr. neðangreint.

Því er beint til stjórnar KKÍ að breyta reglugerð um körfuknattleiksmót, grein er varðar 1. deild karla, á þann hátt að alltaf sé spiluð þreföld umferð í deildinni.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur ekki verið hægt að halda úti tíu liðum í deildinni og því hefur verið spiluð þreföld umferð, og þar af leiðandi fleiri en 18 leikir. Það er mat Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks að spila þurfi fleiri en 18 leiki í venjulegri deildarkeppni í næstefstu deild karla og það ætti að vera tiltölulega einfalt að vera með þrefalda umferð þótt tíu lið séu skráð í deildina.

Sigríður H. Kristjánsdóttir, formaður körfuknattleiksdeildar Breiðabliks

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

Breytingatillögu á reglu sem varðar fjölda erlendra leikmanna.

~~Yfirstríkað~~ fellur út, undirstrikað og skáletrað kemur inn sem nýr texti

18. grein

Í úrvalsdeild karla skulu alltaf vera a.m.k. ~~4~~ 3 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en ~~1~~ 2 erlendu ~~ir~~ ir leikmaður ~~enn~~. Ef lið á ekki ~~4~~ 3 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en ~~1~~ 2 erlenda ~~n~~-skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en ~~1~~ 2 erlendu ~~ir~~ ir ríkisborgari ~~ar~~ á leikvelli.

Í úrvalsdeild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. ~~4~~ 3 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en ~~1~~ 2 erlendu ~~ir~~ ir leikmaður ~~enn~~. Ef lið á ekki ~~4~~ 3 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en ~~1~~ 2 erlenda ~~n~~-skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en ~~1~~ 2 erlendu ~~ir~~ ir ríkisborgari ~~ar~~ á leikvelli.

Í 1. deild karla og 1. deild kvenna skulu alltaf vera a.m.k. ~~4~~ 3 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en ~~1~~ 2 erlendu ~~ir~~ ir leikmaður ~~enn~~. Ef lið á ekki ~~4~~ 3 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en ~~1~~ 2 erlenda ~~n~~-skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en ~~1~~ 2 erlendu ~~ir~~ ir ríkisborgari ~~ar~~ á leikvelli.

Í 2. deild karla og 3. deild karla skulu alltaf vera a.m.k. 3 íslenskir ríkisborgarar á leikvelli og aldrei fleiri en 2 erlendir leikmenn. Ef lið á ekki 3 leikhæfa íslenska ríkisborgara eftir á skýrslu en fleiri en 2 erlenda skulu samt sem áður aldrei vera fleiri en 2 erlendir ríkisborgarar á leikvelli.

Í bikarkeppni karla, fyrirtækjabikar karla og meistarakeppni karla gilda sömu reglur og um úrvalsdeild karla.

Í bikarkeppni kvenna, fyrirtækjabikar kvenna og meistarakeppni kvenna gilda sömu reglur og um úrvalsdeild kvenna.

Erlendur ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfelld í 3 ár telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ. KKÍ staðfestir að hann teljist með íslenskum ríkisborgurum í þessari reglugerð. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina.

Fyrir brot á þessari reglugerð skal refsast með tæknivilla (C) á þjálfara þess liðs sem brotið fremur. Vinnulag við eftirlit á þessu skal vera þannig háttað að á leikmannalístum sem lið afhenda ritara skal koma fram hverjir teljast erlendir leikmenn og skal ritari skrifa (E) framan við nafn þeirra. Ef upp kemstu um brot á þessu er framgangsmáti eftirfarandi:

- Áður en knöttur fer í leik þegar leikur er settur af stað – leikmanni skipt útaf aftur og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

- Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og andstæðingur hins ólöglega skipaða liðs hefur vald á honum. – Stöðva skal leik án tafar nema að andstæðingar verði fyrir óhagræði. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
- Eftir að knöttur hefur aftur farið í leik og hið ólöglega skipaða lið hefur vald á honum. – Leikur stöðvaður án tafar. Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).
- Eftir að knöttur hefur aftur farið úr leik eftir að lið varð ólöglega skipað. - Umframfjöldi erlendra leikmanna skipt útaf og dæmd tæknivilla á þjálfara (C).

Ásthildur Jónasdóttir, formaður körfuknattleiksdeildar Hattar

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



52. Körfuknattleiksping

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

Körfuknattleiksping 22.apríl 2017

Breyting á regluerð um körfuknattleiksmót

Við bætist ný grein sem verður númer 20 , grein 20 verður því 21 , grein 21 verður 22 og svo framvegis.

Grein 20

Stjórn KKÍ er heimilt að setja fram handbók er snýr að keppnisleyfum til liða í tveim efstu deildum karla og kvenna og félög í viðkomandi deildum þurfa að fara eftir þeim reglum er koma fram í handbókinn. Fari félag ekki eftir þeim reglum er stjórn KKÍ heimilt að veita ekki keppnisleyfi til félags í viðkomandi deild. Handbók fyrir komandi keppnistímabil skal ávallt vera gefin út fyrir 15.maí.

Stjórn KKÍ

Greinargerð

Allt starf í efstu deildum körfuboltans hefur stækkað mikið á síðustu árum og er miklu meiri athygli á deildunum okkar í dag en var fyrir nokkrum árum síðan. Handbókin snýr að því að gera allt í kringum starfið okkar faglegra og betra.

Verkaskiptin á milli sjálfboðaliða verður skýrari og með handbókinni verður auðveldara fyrri stjórnendur körfuknattleiksdeilda að stýra starfinu og heildarsýnin á að verða betri.

Flest félög eru að vinna í dag mjög gott starf í kringum deildarinnar og má segja að flest allt sem muni vera í þessari handbók sé verið að gera í dag. Þarna eru einnig auknar kröfur á KKÍ að halda úti námskeiðum og auknu upplýsingaflæði til félaganna.

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

Körfuknattleiksþing 22.apríl 2017

Þingsályktunartillaga

Körfuknattleiksþing 22.apríl 2017 samþykkir að Íslandsmót í Minnibolta 10 ára drengja og stúlkna verði tekið upp frá og með næsta keppnistátímabili það er 2017/2018.

Stjórn KKÍ og mótanefnd mun útbúa reglugerð fyrir Íslandsmót í Minnibolta 10 ára drengja og stúlkna í samræmi við önnur mót í yngri flokkum og skal reglugerðin verða senda aðildarfélögum KKÍ í síðasta lagi 1.júní næstkomandi.

Stjórn KKÍ

Greinargerð

Mikil fjölgun hefur verið á undanförunum árum í yngstu aldurshópunum. Krakkar byrja að æfa fyrr og eru nánast öll félög með æfingar frá 6 ára aldri. Það er því ljóst að ekki er nóg að hafa eingöngu félagamót fyrir 10 ára krakka. Einnig hefur verið mikil aðsókn 10 ára liða á Íslandsmót 11 ára og því ljóst að þörf og eftirspurn er eftir Íslandsmóti 10 ára.

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



Þingsályktunartillaga

AFREKSSTEFNA KKÍ 2017-2021

Hlutverk afreksnefndar KKÍ

Er að auka áhuga og þátttöku á körfuknattleiksíþróttinni með því að halda úti öflugum afrekstarfi frá 15 ára aldri. Markmiðið er að senda sem landslið KKÍ í Norðurlandamót og Evrópukeppnir á hverju ári. Það er eitt skyldum sambandsins að auka þátttöku landsliða á erlendum vettvangi. Með því er verið að búa til fyrirmyndir sem stuðla að frekari þátttöku í íþróttinni. Afreksnefnd á að stuðla að því að körfuknattleiksíþróttin eignist fleiri atvinnumenn sem er nauðsynlegt er til að hámarka árangur í elstu aldursflokkunum á alþjóða vettvangi.

Formaður nefndarinnar og tveir aðrir koma úr stjórn sambandsins en fjórir meðstjórnendur eru skipaðir af stjórn eftir ársþing sem haldið er á tveggja ára fresti. Stefna stjórnar er að velja aðila afreksnefnd sem eru fyrrverandi afreksfólk, þjálfarar eða einstaklingar með mikla reynslu í stjórn afreksmála. Formaður KKÍ og umsjónarmaður afreksmála KKÍ sitja einnig fundi afreksnefndar sem haldnir a.m.k. einu sinn í mánuði allt árið um kring.

Afreksnefnd sér um ráðningar landsliðsþjálfara, ákveður æfingahópa og skipuleggur æfingar í samráði við starfsmenn og landsliðsþjálfara sambandsins. Afreksnefnd er ráðgefandi til stjórnar hvaða alþjóðalegum verkefnum landsliðin taka þátt.

Afreksnefnd leggur á áherslu á að fræðsla þjálfara sem aukin og fundar í því sambandi reglulega með fræðslunefnd en skilyrði fyrir því að hægt sé að auka árangur í afreksstarfinu er góð og markviss þjálfun barna og unglunga.

Afreksnefnd ræður yfirþjálfara yngri landsliða til tveggja ára í senn. Yfirþjálfari yngri landsliða er faglegur ráðgjafi afreksnefndar og annast samskipti við þjálfara yngri landsliða varðandi m.a. skipulag æfinga, æfingamagn, val á leikmönnum, skipulag liðsins jafnt innan vallar sem utan. Hefur eftirlit með þjálfurum að þeir séu að framfylgja áherslum afreksnefndar.

KKÍ skilgreinir alla iðkendur sem valdir eru til æfinga með landsliðum sambandsins sem afreksíþróttafólk.

Afreksnefnd KKÍ stendur fyrir eftirfarandi verkefnum í dag :

Fyrsta stig í afreksferli KKÍ :

Úrvalsbúðir fyrir 11 til 13 ára haldnar tvisvar á ári þar sem 600+ iðkendur er boðið til að taka þátt, tilnefnd af sínu félögum.

Afreksbúðir fyrir 14 ára haldnar tvisvar á ári þar sem framúrskarandi 50-60 iðkendur eru valdnir til þátttöku af þjálfurum KKÍ.

Annað stig þar sem verið er að undirbúa unga í þróttamenn fyrir frekara landsliðsstarf :

15 ára landslið stúlkna og drengja

Fyrsta stigið í uppeldi landsliðsfólks. Hér fær efnilegt ungt íþróttafólk innsýn í hvað er vera þátttakandi í landsliði KKÍ. Landslið hafa farið síðastaliðinn ár á alþjóðlegmtót í Kaupmannahöfn sem er opið mót og mjög góður vettvangur fyrir okkar landslið til að byrja að keppa.



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

16 ára landslið stúlkna og drengja

Þessi lið hafa farið árlega í Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu og reynslu í þjálfun barna og unglinga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar – og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta og aginn sé hinn sami og hjá eldri landsliðum.

18 ára landslið stúlkna og drengja

Þessi lið hafa farið árlega í Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu og reynslu í þjálfun barna og unglinga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar – og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta og aginn sé hinn sami og hjá eldri landsliðum.

20 ára landslið kvenna og karla

Undirbúningur fyrir síðasta stig afreksstarfið. Lögð er áhersla á hafa sömu umgjörð og hjá A – landsliðum. Aðalþjálfari liðanna sem jafnframt í þjálfarateymi A- landsliða og lögð áhersla á að hafa sömu áherslur í sóknar – og varnarleik þannig auðvelt sé fyrir leikmenn að stíga næsta skrefið sem er þátttaka í A – landsliðsstarfi KKÍ.

A-landslið kvenna og A-landslið karla

Síðasta stig afreksstarfsins. Hér er lögð áhersla á að hámarka árangur. Valið snýst um að bestu í þróttamennina hverju sinni. Markmið að senda bæði liðin í sem flest mót, HM, Evrópukeppni og Norðurlandamót.

Þjálfaramál

Vinna við nýtt og endurbætt menntakerfi körfuknattleiksþjálfara lauk árið 2015 og hefur kennsla farið fram skv. kennsluáætlun síðan þá sem mun vera lykillinn í allri þróun í íslenskum körfuknattleik. Þá munu verða gerðar enn meiri kröfur til allra þjálfara sem ráðnir eru til starfa hjá yngri landsliðum sem og A-landsliðum og þá bæði aðalþjálfara sem og aðstoðarþjálfara.

Fjármögnun

KKÍ nýtur styrkja frá afrekssjóði ÍSÍ eins og önnur sérsambönd sem halda út í afreksstarfi á Íslandi. Fer upphæðin eftir stærð sjóðsins, umfangi verkefna og fjölda umsókna í sjóðinn. Sambandið hefur markvisst unnið að því að fjölga styrktaraðilum. Alþjóðsasambandið FIBA hefur nýlega hafið að styrkja yngri landslið vegna þátttöku í Evrópukeppnum. Því miður þurfa þátttakendur yngri landsliða ennþá að greiða hluta kostnaðar vegna þátttöku í erlendum verkefnum. Langtímastefnan er að landsliðin verð sjálfbær með styrkjum frá alþjóðasambandinu og innlendum styrktaraðilum.

Aðstaða



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Þingskjal nr.

Eitt helsta vandarmál afreksstarfsins er að finna æfingatíma fyrir landslið. Leitað er til íþróttafélag, bæjarfélaga og héraðssambanda um aðgengi að aðstöðu. Heimaleikir A- landsliðs karla og kvenna er leiknir öllu jöfnu í Laugardalshöll sem bæði kostnaðarsamt og ekki hægt að slá því föstu að aðstaðn sé til taks vegna annarra starfsemi m.a hljómleika osfrv..

Fagteymi

KKÍ hefur samið við Atlas um umsjón með sjúkraþjálfun landsliða sambandsins. Fjöldi sjúkraþjálfara sem ferðast með liðnu fer eftir stærð verkefnisins. Atlas hefur milligöngu um aðgang að sérfræðingum í íþróttalækningum sem hægt er að senda landsliðsfólkið til ef meiðsl er alvarleg eða þrálát. Sjúkraþjálfari er til staðar á öllum æfingum A-landsliða karla og kvenna.

KKÍ hefur notað salfræðiteymi ÍSÍ þegar þess er þörf. Stefnt er að því að auka þann þátt sem aðkomu næringasérfræðinga fyrir alla aldurshópa.

Framtíðarsýn

Helsta verkefnið er að tryggja fjármögnun til lengri tíma en ekki þurfa á síðustu stundu að taka ákvörðun um þátttöku þegar svör liggja fyrir hjá afrekssjóði og styrktaraðilum. Stefnan er að foreldrar barna og unglinga þurfi ekki að leggja fram fjármagn vegna þátttöku í afreksstarfi KKÍ. Því miður er það staðreynd í dag að sambandið þarf að treysta því að foreldrar séu tilbúin að taka þátt. KKÍ er í dag að fá stuðning frá FIBA (alþjóðasamtök körfuknattleiks) við þátttöku í Evrópumótum. Með betri árangri A- landsliða er að verða til fjöldskylda fyrirtækja sem tilbúin er að styðja við bakið á afreksstarfi KKÍ.

Forysta KKÍ styður uppbyggingu afreksmiðstöðvar í Laugardal þar sem aðstaða verður til æfinga og keppni fyrir öll landslið.

Markmiðið er að öll landslið KKÍ í U16, U18 og U20 taki þátt í Norðurlanda – og Evrópumótum. Að A– landslið taki þátt í Norðurlandamótum og undankeppnum fyrir Evrópumót og Heimsmeistaramót. Árangur á Heimsmeistara – og Evrópumótum ákveður hvort liðin komast á Ólympíuleika. Stefnt skal að því að komast á lokamót með landslið kvenna samanber árangur A– landsliðs karla, á EM kvenna árið 2021.

Stefnt er að því að fjölga iðkendum sem iðka körfuknattleik með sammvinnu allra félaganna.

Vísað til:	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



52. Körfuknattleiksþing

22. apríl 2017 · Reykjavík

Bingskjal nr.



Fjárhagsáætlun KKÍ 2017

Rekstrartekjur	Áætlun 2017
Framlög og styrkir	54.300.000
Tekjur af leikjum - mótagjöld	13.000.000
Auglýsingatekjur	18.000.000
Landslið	52.400.000
Fræðslu og útb.starf	6.000.000
Aðrar tekjur	32.150.000
	175.850.000
Rekstrargjöld	
Yfirstjórn	36.650.000
Þjálfun og kennsla	11.400.000
Íþróttaleg viðskipti	88.400.000
Fræðslu og útb.starf	3.500.000
Rekstur mannvirkja	1.600.000
Önnur gjöld	27.500.000
	169.050.000
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.800.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(1.200.000)
Hagnaður (tap)	5.600.000

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld